



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

51. tölublað 6. árgangur janúar 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Gleðilegt nýtt ár!



Takk fyrir 2016

Kæra skólasamfélag!

Gleðilegt nýtt ár 2017 og takk fyrir allt gamalt og gott. Árið leggst vel í okkur í skólanum og við óskum nemendum og foreldrum alls hins besta á nýju ári og væntum góðs samstarfs nú sem fyrr.

Sjáumst í skólanum, alltaf velkomin til okkar!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Muna aukafötin

Allir nemendur hafa geymsluhólf fyrir aukaföt, allir fara út alla daga og því mikilvægt að það sé þægilegt að leika og læra úti í hlýjum fötum.



Gjaldskrár 2017

Þann 1. janúar hækkar gjaldskrá leikskóla og frístundar um 3,9%.

Gjaldskrá **leikskóla** Dalvíkurbyggðar er á [heimasíðunni hér](#).

Gjaldskrá **frístundar** Dalvíkurbyggðar er á [heimasíðunni hér](#).

Verð á **ávaxta- og mjólkuráskrift** er óbreytt á vorönn 2017 eða 6000 kr fyrir ávexti og 2800 kr fyrir mjólk. Þeir sem vilja breyta áskrift verða að hafa samband við skólastjóra fyrir 6. janúar, eftir það verða reikningar sendir út samkvæmt gildandi áskrift.



Símanúmer



Aðalnúmer: 460-4970

Skólastjóri: 460-4971

Kötlukot: 460-4973

Eldhús: 460-4979

Svefn er mikilvægur þáttur í þroskaferli barna og líðan þeirra. Til þess að börnin séu tilbúin til að taka þátt í daglegu starfi er gott að hafa í huga að áætluð svefnþörf eftir aldri á sólarhring er:

0 – 4 mánaða 16 klukkustundir

4 – 6 mánaða 15 klukkustundir

1 árs 14 klukkustundir

2 – 4 ára 11 -13 klukkustundir

5 – 16 ára 9 – 11 klukkustundir



Eineltisteymi

Einelti er þegar einstaklingur verður endurtekið á ákveðnu tímabili fyrir aðkasti frá einum eða fleiri aðilum.

- Markmið skólans er að halda uppi öflugu forvarnarstarfi og hafa skilvirka áætlun um samræmd viðbrögð við einelti.
- Með því að styrkja samvinnu milli nemenda annars vegar og milli nemenda og starfsfólks hins vegar minnkum við líkurnar á einelti.
- Í okkar skóla koma allir öllum við, því gerum við athugasemdir við óásættanlega hegðun.
- Einelti og annað ofbeldi andlegt og líkamlegt er ekki liðið í Árskógar skóla.

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki **eineltisteymis** skólans og í því sitja skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúar frá fræðslu- og félagsmálasviði Dalvíkurbyggðar auk viðkomandi umsjónarkennara/hópstjóra þegar fundað er um eineltismál.

Ef grunur er um einelti eða annað ofbeldi skal ákveðnu ferli fylgt. [Eineltisáætlun Árskógar skóla](#)

Hlutverk teymisins er að sjá til þess í samvinnu við kennara að í skólanum sé virk fræðsla og forvarnir gegn einelti. Að unnin sé aðgerðaráætlun eineltisteymis fyrir hvern vetur þar sem kemur fram hvernig staðið er að fræðslu og nemendum gert ljóst hvaða leiðir eru færar til að vinna gegn einelti og hvernig má láta vita ef grunur er um einelti.

Fái eineltisteymi beiðni um aðstoð vegna eineltismála skal teymið vinna samkvæmt eineltisáætlun skólans. Skólastjóri er leiðtogi teymisins og boðar fundi þess.

[Aðgerðaáætlun eineltisteymis 2016-2017](#)

[Skráningarblöð til útprentunar ef grunur er um einelti.](#)

Nánar um teymið og fundi þess á heimasíðu [skólans hérna.](#)

Opnunartími, símanúmer, heimasíða, skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Síminn er 460-4970, Kötlukot 460-4973, skólastjóri 460-4971

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2016-2017](#) svo allt sé á hreinu!

Munið eftir öllum mikilvægu upplýsingunum á [heimasíðunni hér.](#)

Við erum á Facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>



náms **Á**hugi-þ **R**autseigja-**S**amvinna-lei **K**ur-útisk **Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi **R**öðing

Viðburðadagatal janúar 2017

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

2 Skipulagsdagur LOKAÐ	3	4 Stefán 4 ára 	5 Magnea 10 ára 	6 Prettándinn	7	8
9	10	11 Rýmingaræfing 	12	13 Bríet 10 ára 	14	15
16	17	18 Sólbjört 4 ára 	19	20 Bóndadagur Þorri hefst	21 Ingibjörg Lea 5 ára 	22 Fanney 4 ára 
23	24	25	26	27 Starfsdagur Dalvíkurbyggð Skóli LOKAR kl. 12 ⁰⁰	28	29
30	31					